

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Akureyrar 1998-2018, Skessugil.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 7. október 2003 staðfest breytingu á aðalskipulagi Akureyrar 1998-2018 frá 4. september 1998.

Breytingin felst í að landnotkun á reit austan við suðurenda Skessugils breytist úr opnu óbyggðu svæði og almennu útivistarsvæði í íbúðarsvæði. Gert er ráð fyrir einni lóð á svæðinu með tveimur fjölbýlishúsum með alls 8 íbúðum.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Akureyrarbæjar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 7. október 2003.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Ingibjörg Halldórsdóttir.

AUGLÝSING

um breytingar á deiliskipulagi í Garðabæ.

Viðauki við skipulagsskilmála við Hæðarbyggð 8.

Bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt viðauka við skipulagsskilmála fyrir Hæðarbyggð 8. Í breytingunni felst m.a. að heimilað verður að breyta einbýlishúsi sem fyrir er á lóðinni í tvíbýlishús. Deiliskipulagið hefur fengið meðferð í samræmi við 1. mgr. 26. gr. og 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

Viðauki við skipulagsskilmála við Tjaldanes 15.

Bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt viðauka við skipulagsskilmála fyrir Tjaldanes 15. Í breytingunni felst m.a. að heimilað verður að byggja baðhús á lóðinni. Deiliskipulagið hefur fengið meðferð í samræmi við 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

Skipulagsskilmálar við Brekkubbyggð 2-56.

Bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt tillögu að breytingu á deiliskipulagi við Brekkubbyggð. Í breytingunni felst m.a. að heimilt verður að byggja við viðbyggingar vestan við hús í Brekkubbyggð 2-56. Deiliskipulagið hefur fengið meðferð í samræmi við 1. mgr. 26. gr. og 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

Ofangreindar breytingar öðlast gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

F.h. Garðabæjar, 8. október 2003.

Bergljót S. Einarsdóttir skipulagsfulltrúi.